

Nd.

57. Breytingartillaga

[39. mál]

við frv. til laga um kjaramál.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

8. gr. a orðist svo:

50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga, ef sérskattaðir einstaklingar höfðu hærri vergar tekjur til skatts á skattárinu 1977 en 1 400 000 kr. og samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, höfðu hærri vergar tekjur en 1 800 000 kr. til skatts á því skattári.

Eignarskattsauki þessi skal vera 10 prósentustigum lægri á hverju 100 þúsund króna bili sem vergar tekjur eru lægri en fyrrgreindum tekjumörkum nemur, þannig að allir sérskattaðir einstaklingar eru undanþegnir eignarskattsauka, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 000 000 kr., og öll samsköttuð hjón eða sambúðarfólk, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 kr. á skattárinu 1977.